

43. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 25. maí 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál. 2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. 5 Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Starfsmannamál.

- a) Kristín Þorgeirsdóttir ljósmyndari fór nýlega niður í 60% starfshlutfall við Héraðsskjalasafnið. Nú hefur hún sótt um að fá að vinna í 25%-starfi í eitt ár frá 1. september 2007. Stjórn Héraðsskjalasafnsins mælir með því veita henni þetta.
- b) Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður verður í hálfu fæðingarorlofi 6.6.-6.12 á þessu ári. Gunnar Marel Hinriksson er reiðubúinn að vinna í fullu starfi í sumar frá 1. 6. til 31. 8. Stjórnin samþykkir tillögu héraðsskjalavörðar að ráða Gunnar í þetta starf frá 1.6. til 31.8.
- c) Ljóst er að Héraðsskjalasafnið er í nokkrum vanda vegna starfsmannamála í sumar en ekki er séð hvernig brugðist verður við eftir að Gunnar Marel hættir. Héraðsskjalavörður er beðinn að fylgjast með hvort kostur er á góðum starfsmanni þegar þar að kemur.

2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins.

- a) Héraðsskjalavörður vekur athygli á því að leigusamningur við Þorra hf rann út 31. jan 2007 og hefur ekki verið endurnýjaður.
- b) Héraðsskjalavörður bendir á að skjalageymsla að Hamraborg 14 A er ekki inni á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins.
- c) Héraðsskjalavörður leggur fram „Skýrslu til stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs um húsnæðismál stofnunarinnar og tillögu um úrbætur.“ Skýrslan er fimm síður auk níu fylgiskjala. Ákveðið er að ræða skýrsluna á næsta fundi þegar stjórnarmenn hafa kynnt sér hana til hlítar.

3. Önnur mál.

- a) Félagsheimili Kópavogs hefur nú verið lagt niður og beint og óbeint vegna þess hafa Héraðsskjalasafninu borist ýmis skjöl, m.a. ýmislegt frá Rótaryklúbbsi Kópavogs.
- b) Héraðsskjalavörður sýnir stjórnarmönnum nokkrar bækur sem safninu hafa borist að gjöf, m.a. *Minningabók Kópavogsbúa* sem Bókasafn Kópavogs gaf út nú á vordögum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30
Fundarritari Bjarni Ólafsson